

21. janúar 1988

41

Nr. 13

REGLUGERÐ

um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða alifugla og svína.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Endurgreiða skal framleiðendum afurða alifugla og svína hluta sérstaks fódurgjalds, sem innheimt er skv. 3. tl. 1.gr. reglugerðar nr. 628 31. des. 1987. Endurgreiðslan skal miðast við að 75/80 hlutar af álögðu, sérstöku fódurgjaldi endurgreiðist að hluta eða að öllu leyti. Af hinu álagða sérstaka fódurgjaldi renna sem næst 5/80 hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að frádregnum kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslna sem landbúnaðarráðherra samþykkir.

2. gr.

Endurgreiðslu skal miða við framleiðslumagn og skal réttur alifuglaframleiðenda til endurgreiðslu takmarkast við þarfir markaðarins hverju sinni, svo lengi sem meirihluti í búgreinafélögum þeirra óskar þess, og skal þá fara eftir ákvæðum um endurgreiðslurétt í II. kafla. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum IV. kafla þessarar reglugerðar.

Endurgreiðsla hins sérstaka fódurgjalds skal gilda fyrir afurðir alifugla og svína frá og með 1. janúar 1988.

II. KAFLI

Takmörkun á rétti alifuglaframleiðenda til endurgreiðslu.

3. gr.

Réttur alifuglaframleiðenda til endurgreiðslu skal ákvarðaður af endurgreiðslunefndum sem landbúnaðarráðherra skipar.

Endurgreiðslunefnd eggja skal skipuð tveim aðilum tilnefndum af félagi eggjaframleiðenda og einum aðila sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefnir.

Endurgreiðslunefnd kjúklinga skal skipuð tveim aðilum tilnefndum af félagi kjúklingaframleiðenda og einum aðila sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefnir.

Nefndirnar skal skipa til eins árs í senn, í fyrsta sinn fyrir 31. janúar 1988. Kostnaður af störfum nefndanna greiðist af tekjum af hinu sérstaka fódurgjaldi.

Verði ekki samstaða í nefndunum eða einstakir framleiðendur krefjast endurskoðunar á þeim endurgreiðslurétti sem þeim hefur verið ákvarðaður, skal ágreiningi vísað til yfirnefndar sem landbúnaðarráðherra skipar. Nefndin skal skipuð einum aðila tilnefndum af viðkomandi búgreinafélagi og einum aðila tilnefndum af Framleiðsluráði landbúnaðarins. Landbúnaðarráðherra skipar oddamann án tilnefningar.

4. gr.

Úthlutun endurgreiðsluréttar, fyrir framleiðendur alifuglaafurða, skal fara fram í fyrsta sinn fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1988.

Endurgreiðslunefndir skulu fylgjast með framleiðslu og sölu afurða alifugla og taka ákvarðanir um framleiðsluþörf og endurgreiðslurétt til endurskoðunar, eigi síðar en sex mánuðum frá upphafi tímabilsins. Á sama hátt skal taka til endurskoðunar áætlun um framleiðsluþörf, þegar fyrir liggja upplýsingar um sölu fyrir hvert hálft ár.

5. gr.

Framleiðendum alifugla er heimilt að flytja allt að 10 % þess endurgreiðsluréttar, sem þeim hefur verið úthlutaður, milli tveggja ára. Þeim nefndum sem starfa skv. 3. gr. er heimilt að setja reglur, sem taki til skyldu framleiðenda, um að gera fyrirfram áætlun um notkun þessa réttar, og má þá krefjast áætlana um ársfjórðungslega framleiðslu hjá hverjum framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins safnar þessum upplýsingum.

Endurgreiðslunefndum er heimilt að samþykkja tilflutning á endurgreiðslurétti milli framleiðenda, eftir að ákvörðun um endurgreiðslurétt liggur fyrir.

6. gr.

Endurgreiðsluréttur fyrir hvern framleiðanda eggja, sem er með 50 varphænur eða fleiri skv. forðagæsluskýrslum, skal ákveðinn eftir skýrslum um það magn eggja sem hann framleiddi á tímabilinu 1. janúar til 31. júlí 1987, og sem hafa verið lagðar fram skv. rg. nr. 316/1986. Réttur til endurgreiðslu, sem honum er ákveðinn fyrir árið 1988, skal vera 12/7 hlutar af því magni.

Réttur hvers framleiðanda kjúklingakjöts til endurgreiðslu skal ákveðinn eftir skýrslum um það magn sem hann hefur framleitt frá 1. júlí 1985 til 31. september 1987, og sem hafa verið lagðar fram skv. reglugerðum nr. 467/1985 og 316/1986. Réttur til endurgreiðslu skal vera 12/7 hlutar þess magns sem hann framleiddi á þessu tímabili, þó þannig að samanlögð framleiðsla allra framleiðenda yfir árið nemi 2260 tonnum. Þeir einir sem framleiddu kjúklinga árið 1987 geta öðlast rétt skv. þessari mgr.

7. gr.

Heimilt er við ákvörðun endurgreiðsluréttar að leiðrétta hlutdeild einstakra framleiðenda í endurgreiðslu vegna eftirfarandi tilvika:

1. Sveiflu í framleiðslu, sem er vegna tímabundinnar framleiðsluaukningar/minnkunar, eða vegna endurnýjunar í alifuglastofni.
2. Áfalla í framleiðslu, vegna sjúkdóma eða annarra ófyrirsjáanlegra orsaka.
3. Breytinga á framleiðslu vegna ættliðaskipa.
4. Fjárfestinga sem teknar hafa verið í notkun eftir 1. júlí 1985.

III. KAFLI

Tilkynning endurgreiðsluréttar.

8. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal reikna endurgreiðslurétt hvers einstaks framleiðanda, eftir ákv. II. kafla þessarar reglugerðar, og gera endurgreiðsluskrá yfir alifuglaframleiðendur.

Framleiðsluráð tilkynnir hverjum framleiðanda endurgreiðslurétt hans fyrir 1. mars 1988, og á framleiðandi þá kost á að gera athugasemdir við útreiknaðan endurgreiðslurétt innan 30 daga frá birtingu tilkynningar.

Endurgreiðslunefndirnar endurskoða útreikninga sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynna framleiðanda um niðurstöður sínar. Sætti framleiðandi sig ekki við þá leiðréttingu,

sem nefndirnar hafa gert, getur hann, innan 25 daga, vísað máli sínu til yfirnefndar er starfar skv. 5. mgr. 3. gr. Yfirnefnd skal skila úrskurði sínum innan 30 daga frá því erindi berst.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast skráningar á erindum sem fram koma skv. þessari grein.

IV. KAFLI

Útreikningur og framkvæmd endurgreiðslna.

9. gr.

Endurgreiðsla á sérstöku fóðurgjaldi fer fram af endurgreiðslureikningi, annaðhvort fyrir milligöngu fóðursala eða af endurgreiðslureikningnum, enda sé þá um staðgreiðsluviðskipti að ræða. Sami aðili getur ekki látið fóðursala annast að hluta þær endurgreiðslur sem fóðursölum eru heimilar skv. ákvæðum reglugerðarinnar, og annast hinn hlutann sjálfur, heldur skal hann velja aðra hvora leiðina. Framleiðsluráð landbúnaðarins sér um framkvæmd endurgreiðslna til framleiðenda í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

10. gr.

Nú velur framleiðandi, sem á rétt á endurgreiðslu á sérstöku fóðurgjaldi, þá leið að láta fóðursala annast endurgreiðsluna, og skal hann þá gefa viðkomandi fóðursala (fóðursölum) umboð til þess fyrir sína hönd. Áður en Framleiðsluráð landbúnaðarins staðfestir endurgreiðslur samkvæmt framlögðum gögnum frá fóðursölum, skal liggja fyrir umboð fóðursalans til að annast endurgreiðslur fyrir hönd hvers framleiðanda. Umboðið gildir svo lengi sem það er ekki afturkallað.

11. gr.

Til þess að framleiðandi afurða alifugla og svína öðlist rétt til endurgreiðslu á fóðurgjaldi, er honum skylt að leggja fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins framleiðslu- og söluskýrslur (innleggsskýrslur), sem hann ábyrgist með undirritun að séu réttar, eða vottorð um bústofn sé hann að hefja framleiðslu.

Á skýrslum skal koma fram nafn, kennitala/nafnnr. og heimilisfang framleiðanda, svo og magn hverrar afurðar.

Sala skal skráð á eftirfarandi hátt:

- a) Framleiðandi skal halda sérstaka skrá um beina sölu til neytenda, svo og til dreifingaraðila í heildsölu- og smásölu, þ.m.t. beina sölu til afurðastöðvar.
- b) Sé afurð í umboðssölu hjá afurðastöð, skal telja hana sem selda frá framleiðanda, þegar umboðsaðilinn hefur selt hana.

Framleiðandi er ábyrgur fyrir skilum á söluskýrslum.

12. gr.

Til þess að framleiðandi haldi rétti sínum til endurgreiðslu á sérstöku fóðurgjald skv. reglugerð þessari, skal hann reglulega skila skýrslum, þannig:

A. Mánaðarleg skil komi frá:

1. Framleiðendum á afurðum svína.
2. Framleiðendum eggja, sem hafa 200 varphænur eða fleiri.
3. Framleiðendum alifuglakjöts.

B. Framleiðendur eggja með 50—200 varphænur skulu gera skil eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

C. Framleiðendur eggja, sem hafa innan við 50 varphænur, skulu gera skil einu sinni á ári. Skilafrestur er tvær vikur frá lokum hvers tímabils.

Framleiðsluráð landbúnaðarins útbýr skýrsluform og sendir viðkomandi aðila eftir forðagæsluskýrslum eða vottorðum um bústofn, ef framleiðsla er á byrjunarstigi.

13. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fódurgjalds skal miðast við afurðamagn, sem fundið er skv. 11. gr., og fer fram í tveimur áföngum á eftirfarandi hátt:

1. Við fódurkaup er fódursala heimilt að endurgreiða 50/80 hluta hins sérstaka fódurgjalds, eins og það er fullreiknað, þ.e. nú 80% af tollverði. Endurgreiðslan reiknast af hverri fódurtegund fyrir sig.
2. Framleiðsluráð landbúnaðarins greiðir eigi sjaldnar en mánaðarlega eftirstöðvar gjaldsins samkvæmt framlögðum skýrslum um sölumagn, og er það lokagreiðsla, þannig að endurgreiðslu eftir sölumagni, er nemur 75/80 hlutum af fullu fódurgjaldi, verði náð. Hlutfallstölur um endurgreiðslur, skv. því sem að ofan greinir, geta tekið breytingum, sbr. 17. gr.

14. gr.

Við sölu á fódri til framleiðslu á afurðum alifugla og svína er fódursölum heimilt að endurgreiða 50/80 hluta hins sérstaka fódurgjalds, að fenginni staðfestingu Framleiðsluráðs landbúnaðarins á endurgreiðslurétti hvers einstaks framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins veitir aðilum því aðeins rétt til endurgreiðslu, að þeir hafi lagt fram tilskilin gögn, sbr. 11. gr., og hafi fengið endurgreiðslurétt skv. II. kafla, sé hann ákvarðaður.

15. gr.

Fódursalar skulu mánaðarlega senda Framleiðsluráði landbúnaðarins skilagrein um endurgreidd fódurgjöld. Þar komi fram nafn, kennitala/nafnnr. og heimilisfang fódurkaupanda, tegund og magn fódurs og endurgreiðslur til fódurkaupandans. Jafnframt skal fódursalinn láta fylgja upplýsingar um innkaup og birgðir, svo og framleiðslu fódurs, ef um hana er að ræða, nákvæmar upplýsingar um verð fódurtegunda og hver sé hluti hins sérstaka fódurgjalds í fódurverðinu. Einnig skal koma fram hver hinn endurgreiðsluhæfi hluti er í sama fódri, þ.e. sá hluti gjaldsins sem fódursalanum er heimilt að endurgreiða.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er óheimilt að taka gilda beiðni um endurgreiðslur frá fódursölum, nema umrædd skilagrein fylgi.

Óski framleiðandi eftir endurgreiðslu á 50/80 hlutum fódurgjalds, án milligöngu fódursala, skal hann leggja fyrir Framleiðsluráð sömu gögn og fódursala er skylt, fyrir utan skýrslur um birgðahald og framleiðslu. Véfengi Framleiðsluráð landbúnaðarins upplýsingar fódursala um endurgreiðanleg fódurgjöld, skal leita álits verðlagsyfirvalda á verðútreikningum.

16. gr.

Seinni hluti greiðslu hins sérstaka fódurgjalds, þ.e. sem svarar til 25/80 hluta af fullu gjaldi, skal reiknaður eftir afurðamagni alifugla og svína skv. 11. gr., þannig að ekki verði endurgreitt vegna meira magns kjarnfódurs til ársframleiðslu afurða en sem nemur að meðaltali, að hámarki:

Fyrir hvert kg svínakjöts	5,5 kg fódurs
Fyrir hvert kg eggja	4.9 kg fódurs
Fyrir hvert kg kjúklinga og kalkúnakjöts	4.1 kg fódurs
Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum	4.1 kg fódurs

Þó skal aldrei endurgreiða af meira magni kjarnfódurs skv. þessum útreikningi heldur en viðkomandi aðili hefur sannanlega keypt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, á þriggja mánaða fresti, reikna út frá afurðaskýrslum magn fódurs er fer til framleiðslu hverrar afurðar á einingu og gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um breytingu á þeim stuðlum sem að ofan geinir, ef þurfa þykir.

Engar endurgreiðslur verða fyrir kjöt af varpfuglum.

Egg sem fara til útungunar reiknast þannig, að fyrir hvert kg eggja til framleiðslu holdakjúklinga reiknast 11,5 kg fódurs og fyrir framleiðslu eggja til eldis varpfugla, reiknast 7,5 kg fódurs á kg eggja. Þeir framleiðendur sem fá endurgreitt skv. þessari málsgrein, skulu mánaðarlega skila skýrslum um útungun og ráðstöfun framleiðslunnar til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Framleiðendum eggja með færri en 50 varphænur, skal áætluð endurgreiðsla m.v. 12 kg. framleiðslu eggja á ári eftir hverja hænu.

Framleiðsluráði er heimilt, í samráði við endurgreiðslunefndir, að endurgreiða umfram það sem útreikningur skv. 1. mgr. þessarar greinar leiðir til í eftirfarandi tilvikum:

1. Sé um nýbýlinga að ræða, sem vegna bústofnsauka kaupa fódur umfram það sem er eðlilegt skv. afurðum á tímabilinu.
2. Vegna áfalla í framleiðslu af völdum sjúkdóms eða óhapps, sem leiðir til þess að notkun fódurs er verulega umfram afurðir.

Fari fódurnotkun á framleidda afurðareiningu sem um ræðir, að meðaltali fram úr því sem reiknast skv. þeim stuðlum, sem koma fram í þessari grein, skal Framleiðsluráð landbúnaðarins gera á því sérstaka athugun, og er því heimilt að stöðva allar endurgreiðslur vegna þeirrar afurðar, á meðan sú könnun fer fram.

Framleiðsluráð reiknar endurgreiðslu skv. tölulið 1 og 2 af framlögðum gögnum, sem það telur nauðsynleg.

17. gr.

Við ákvörðun endurgreiðslu á 25/80 hlutum hins sérstaka fódurgjalds til hvers framleiðanda, skal reikna, fyrir afurðir svína og afurðir alifugla, meðaltal sérstaks fódurgjalds á kg. í fódri hjá hverjum framleiðanda, skv. þeim skýrslum sem borist hafa Framleiðsluráði landbúnaðarins, yfir það tímabil sem endurgreiðslan nær til.

Hverjum framleiðanda greiðist fjárhæð, sem er margfeldi af áætlaðri fódurnotkun hans og 25/80 hlutum hins reiknaða meðaltals af sérstöku fódurgjaldi, sbr. 1. mgr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast þessa útreikninga.

Heimilt er að inna af hendi greiðslur til framleiðenda á 25/80 hlutum hins sérstaka fódurgjalds með skuldajöfnunarávísun endurgreiðslureiknings, gangi endurgreiðslur hraðar en innborganir af skuldaviðurkenningum. Skuldajöfnunarávísun notist til fódurkaupa eða er innleysanleg hjá endurgreiðslureikningi, að liðnum fjórum mánuðum frá útgáfudegi.

Liggi fyrir samstaða í búgreinafélaginu, að hluti hins sérstaka fódurgjalds renni til sameiginlegra verkefna í þágu búgreinarrinnar, er Framleiðsluráði heimilt að greiða til þess þann hluta gjaldsins, í stað þess að greiða það hverjum framleiðanda fyrir sig. Til ráðstöfunar á þennan hátt mega vera 25/80 til 50/80 hlutar hins sérstaka fódurgjalds. Viðkomandi búgreinafélag skal leita heimildar landbúnaðarráðherra fyrir því hlutfalli sem ráðstafa skal hverju sinni á þennan hátt, og skal honum greint frá þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru.

Endurgreiðslur skv. 13. gr. taka breytingum eftir því sem ákveðið kann að verða skv. þessari grein.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 30. gr. l. nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnfamt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 130 30. mars 1987.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. janúar 1988.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigfússon.